

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, til sýslu-  
mannsins í Skaftafellssýslu, um flutning þingstaðar.** 1  
5. jan.

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 5. f. m. og beiðni hreppsnefndarinnar í Mýrahreppi í Austur-Skaftafellssýslu, veitir ráðuneytið hérmeð samþykki sitt til þess að þingstaður téðs hrepps verði fluttur frá Hólmi að Pálshól í Holtahverfi, enda annist hreppsnefndin um að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til biskups,  
um breytingar á sóknaskipun og um kirkjur í Vestur-  
Skaftafellsprófastsdæmi.** 2  
9. febr.

Eftir móttöku bréfs yðar, háæruverðugi herra, dags. 14. f. m., um að sá hluti Reynissóknar í Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi, er liggur austan Reynisfjalls, megi verða leystur úr sambandi við Reynissókn og sameinaður Höfðabrekkusókn, og að ný kirkja verði reist fyrir þessa væntanlegu Víkursókn í Vík, en Höfðabrekkukirkja verði lögð niður, skal yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar, að ráðuneytið samþykkir samkvæmt tillögum yðar ofangreindar breytingar um sóknaskipun og kirkjur, er söfnuðirnir hafa æskt eftir og héraðsfundur hefir fallist á.

**AUGLÝSING**

um

**staðfestingu ráðuneytisins á samþykkt um breytingu á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík.** 3  
16. jan.

Samkvæmt lögum nr. 1, 3. janúar 1890, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, er hérmeð staðfest eftirrituð samþykkt um breyting,

**3** er bæjarstjórnin hefir samþykkt, á lögreglusamþykkt fyrir Reykja-  
16. jan. viku kaupstað, 19. apríl 1919.

Í 75. gr. lögreglusamþykktarinnar komi á eftir orðunum „allir veitingastaðir“ í upphafi greinarinnar, orðin: „og almennar billjarðstofur“.

Ákvæði þetta öðlast þegar gildi.

Þetta birtist hérmeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. janúar 1929.*

Jónas Jónsson.

*St. Gunnlaugsson.*

**4**  
21. jan.

## GJALDSKRÁ

fyrir

**notkun rafmagns í Vestmannaeyjakaupstað.**

1. gr.

Allt rafmagn skal selt gegnum rafmagnsmæla. Verð fyrir hverja kílóvattstund er til ljósa kr. 0.80, til iðnaðar kr. 0.45 og til götuljósa kr. 0.65.

2. gr.

Í hvert sinn er fjárhagsáætlun rafstöðvar er gjörð, skal rafmagnsnefnd í samráði við rafstöðvarstjóra, gera tillögur um verðlag rafmagnsins fyrir næsta fjárhagstímabil, og leggist tillögur þessar fyrir bæjarstjórn til úrskurðar. Er bæjarstjórn heimilt að hækka eða lækka verðið alt að 50% frá því, sem ákveðið er í fyrstu grein, eftir því, sem rekstur rafstöðvar ber sig.

Allar verðlagsbreytingar skulu tafarlaust auglýstar opinberlega.

3. gr.

Heimilt er stöðvarstjóra í samráði við rafmagnsnefnd að leigja gegn sanngjörnu gjaldi rafmagnsmæla, þeim notendum ljósa, sem álízt að ekki hafi efni á að kaupa mæla. Ennfremur er heimilt að